

Aðalfundur Foreldrafélags Setbergsskóla

Skýrsla fulltrúa foreldra í Skólaráði Setbergsskóla

10. október 2019

Skólaráð sem hugsað er sem vettvangur samráðs og samstarfs milli skólastjóra og skólasamfélags.

Því er ætlað að fjalla um námsskrá, starfsáætlun, rekstraráætlun o.þ.h. Skólaráð á að fá til umsagnar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en ákvörðun er tekin og fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð tekur ekki ákvarðanir.

Hlutverk og verkefni skólaráða eru tíunduð grunnskólalögum og reglugerð um skólaráð.

Skólaráð er skipað skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, 2 fulltrúum kennara og 1 fulltrúa starfsfólks. Þá eru 2 fulltrúar úr hópi nemenda og 2 fulltrúar foreldra sem síðasta vetur voru Katrín Ásta og ég, og svo var Mjöll Flosadóttir til vara. Því til viðbótar var Vala Stefánsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir til tveggja ára í senn.

Núverandi skólaráð fundaði 5 sinnum síðasta skólaár og í haust. Mönnun skólans var rædd, starfsáætlun, samræmd próf, námsskrá, Olweusarkannanir, afmæli skólans og Skólapúlsinn (nemenda, foreldra og starfsmanna).

Verkefni sem var talsvert rætt var Skólaþingið sem haldið var síðasta vetur og úrvinnsla þess sem stóð fram eftir vori og stendur í raun enn, enda viðamikil. Rétt að halda til haga að þunginn af vinnu tengdri þinginu var á starfsfólki skólans sem á þakkir skilið fyrir vikið.

Þátttakan reyndist ágæt en hefði gjarna mátt vera meiri. Með þinginu opnaðist kostur fyrir foreldra að taka beinan þátt í mótun skólastarfsins, eitthvað sem er alla jafna ekki svo einfalt. Samtal foreldra og skólans er almennt í trúnaði og þegar tækifæri til beinnar þátttöku og opinna skoðanaskipta býðst er mikilvægt að það sé gripið og nýtt. Meðan það kann að vera „frelsandi“ að taka tuðið á netinu þá leiðir það sjaldan til samtals og oft gjarnt á að ala á leiðindum sem lítið gagn er af. Opinberir vettvangar eins og netið eru ákaflega mikilvægir í samfélagi okkar en krefjast þess að gengið sé um þá af virðingu eigi þeir að leiða til framfara.

Húsnæði skólans var einnig tíðrætt síðasta vetur. Ástand bygginga skólans er þannig að kallar á talsvert viðhald og endurbætur. Sama sagan á reyndar við um mikið af skólahúsnæði bæjarins enda hefur ónógu fjármagni verið veitt til viðhaldsverkefna síðan um hrún. Þak skólans er illa farið og þótt lögð hafi verið í það vinna er fullnaðarviðgerð ókláruð, útihurðir orðnar lélegar, gólfefni víða illa farin o.fl.

Bæjaryfirvöld hafa verið að snúa athyglinni að þessum málum og auka það fjármagn sem veitt er til verkefnisins en það þarf að taka það fastari tökum og áætla fyrir meiru en hreinni björgun. Forgangsröðun bæjarins er umhugsunarverð. Að veita fjármagn í nýbyggingar sem er gaman að hafa á kostnað þess að viðhalda ekki byggingum sem við þurfum að hafa verður varla talin ábyrg nýting þess fjár sem bærinn hefur til ráðstöfunar.

Fulltrúar foreldra þakka samstarfið við aðra aðila ráðsins sem og foreldrafélag Setbergsskóla.